

# Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts o.fl.

Hér á eftir verður fjallað um skýrsluskil í tengslum við skattframtal 1999 o.fl.

## I. Skýrsluskil í tengslum við skattframtal 1999

Samanburðarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.25), leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26) og afstemmingarblað vegna blandaðrar starfsemi (RSK 10.27) skal, eftir atvikum, fylla út og skila í tengslum við ársuppgjör og skil á skattframtali 1999.

Eyðublað RSK 10.26 fylgir hjálagað. Þeir sem þurfa að skila eyðublöðum RSK 10.25 og/eða 10.27 þurfa hins vegar að nálgast þau hjá skattyfirvöldum. Einnig er hægt að sækja þau á upplýsingavef ríkisskattstjóra.

### 1. Samanburðarskýrsla - RSK 10.25

Þeir sem stunduðu virðisaukaskattsskylda starfsemi á árinu 1998 þurfa að fylla út samanburðarskýrslu virðisaukaskatts (árssundurlíðun vegna rekstrar 1998) og skila henni til skattstjóra með skattframtali 1999.

Þetta gildir þó ekki ef notast er við skattframtal rekstraraðila (RSK 1.04) við tekjuskattsuppgjör því að þá kemur árssundurlíðunin fram í skattframtalinu sjálfu.

### 2. Leiðréttingarskýrsla - RSK 10.26

Þessa skýrslu skal m.a. fylla út og skila þegar upplýsingar um þörf á að leiðrétta fyrri uppgjör og skil á virðisaukaskatti, t.d. við ársuppgjör, sbr. hér á eftir.

Ef fram kemur mismunur í samanburðarskýrslu virðisaukaskatts eða skattframtali rekstraraðila á milli virðisaukaskattsskýrslna og ársreiknings samkvæmt bókhaldi skal fylla út og skila þessari skýrslu, hvort sem

mismunur er jákvæður eða neikvæður. Greiðsluskýrslu, ásamt greiðslu, skal þegar í stað skila til innheimtumanns ríkissjóðs, en inneignarskýrslu skal skila til skattstjóra með skattframtali 1999.

(Bent skal á að hjá þeim sem eru með ársskil vegna ársins 1998 fer ársuppgjör saman við frumskil á virðisaukaskatti. Þeir standa skil á virðisaukaskatti árskilatímabilsins í formi virðisaukaskattsskýrslu (RSK 10.09 (gíróseðill) eða 10.10 (ekki gíróseðill)). Aðilum með ársskilamáta 1998 verður send árituð skýrsla RSK 10.09 fyrir gjalddagann 15. mars nk.)

### 3. Afstemmingarblað - RSK 10.27

Þetta eyðublað er til nota fyrir þá sem hafa með höndum blandaða starfsemi, þ.e.a.s. starfsemi sem er að hluta til virðisaukaskattsskyld og að hluta til undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Niðurstöðutölu eyðublaðsins skal færa á virðisaukaskattsskýrslu tímabilsins nóv.-des. 1998 (almenn skil), júlí-des. 1998 (landbúnaðarskil) eða 1998 (ársskil). Afstemmingarblaði skal skila með skattframtali 1999.

## II. Nýjar leiðbeiningar

Nýverið komu út nýjar og endurskoðaðar leiðbeiningar um virðisaukaskatt (*Virðisaukaskattur - leiðbeiningar og dæmi* (RSK 11.19)). Þessar leiðbeiningar, og aðrar, liggja frammi hjá ríkisskattstjóra og skattstjórum um land allt. Einnig má nálgast þær á upplýsingavef ríkisskattstjóra sem opnaður var 30. desember sl.

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra má finna ýmsan fróðleik um virðisaukaskatt.

**Slóðin er: [www.rsk.is](http://www.rsk.is)**

Nánari upplýsingar veita virðisaukaskattsskrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563-1112 og skattstjórar um land allt.

**VIRÐISAUKASKATTSSKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA**